

## REGLUGERÐ

### um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árunum 2002 og 2003.

1. gr.

Vinnueftirlit ríkisins fær á árunum 2002 og 2003 í sinn hlut til að standa straum af kostnaði vegna framkvæmdar laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnu-  
stöðum með síðari breytingum, 0,048% af gjaldstofni tryggingagjalds, sem er allar tegundir  
launa eða þóknana fyrir starf, hverju nafni sem nefnist, sem skattskyld er skv. 1. tölul. A-liðar  
7. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 1. tölul. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 113/1990,  
um tryggingagjald með síðari breytingum, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglu-  
gerð nr. 941/2000, um hlut Vinnueftirlits ríkisins í tryggingagjaldi launagreiðenda á árinu  
2001.

*Félagsmálaráðuneytinu, 3. mars 2003.*

**Páll Pétursson.**

*Gylfi Kristinsson.*